

Frá ritstjórum

Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu kemur nú út Mí ellefta sinn hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Tímaritið kemur út einu sinni á ári í opnum vefaðgangi (millimala.hi.is) og birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Í *Milli mála* hefur einni skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka.

Í þetta sinn eru fimm ritrýndar greinar í heftinu og er efni þeirra á sviði bókmennta, málvísinda og kennslufræði erlendra tungumála. Í grein sinni „Jákvæð viðhorf háskólastúdenta til tungumálanáms/tungumálakunnáttu“ gera þau Birna Arnbjörnsdóttir, Jón Ólafsson og Oddný Sverrisdóttir grein fyrir niðurstöðum könnunar meðal nemenda við Háskóla Íslands. Þær sýna að nemendur telja að faglegur ávinningur felist í tungumálanámi og að stór hluti þeirra myndi bæta við sig tungumálakunnáttu ef slíkt félli betur að námi í einstökum greinum. Höfundar benda á að fjárhagsmódel skólans vinni gegn því að nemendur geti aukið sérþekkingu sína á einstökum svæðum, menningarheimum og tungumálum. Niðurstaða þeirra er sú að þetta dragi úr gæðum námsins almennt og kalla þurfi eftir kerfisbreytingum sem auðvelda nemendum að fella tungumálakunnáttu inn í fagþekkingu sína.

Erla Erlendsdóttir og Nuria Frias Jimenez birta hér greinina „Negro sobre blanco/svart á hvítu: acercamiento a la fraseología cromática en español y en islandés“ (Negro sobre blanco/svart á hvítu: um liti í spænskum og íslenskum orðasamböndum). Hér er fjallað um rannsókn þar sem borin voru saman orðasambönd úr spænsku og íslensku. Í brennidepli voru orðasambönd sem heyra undir merkingsviðið „litir“. Tilgangur rannsóknarinnar var að draga fram það sem tungumálin eiga sameiginlegt og hvað ekki, sem og helstu menningarsöguleg einkenni orðasambandanna. Smíðaður var korpus úr efniviði sem fékkst úr ýmsum orðasambandabókum og orðasambandaböngum beggja tungumála og við gerð hans var tíðni valinna

orðasambanda og notkun höfð að leiðarljósi. Niðurstöður rannsóknarinnar nýtast annars vegar í smíði flettna fyrir tvímála orðabækur, eða tvímála orðasambandabækur og hins vegar í kennslu spænsku sem erlends máls á Íslandi.

Í greininni „Telecollaboration HI-UB: online interaction and exchange in a language course“ (Netsamskipti milli HÍ og UB: samskipti og samræður í tungumálanámi) kynnir Pilar Concheiro námskeiðið *Talþjálfun II: Fjölmiðlar og hversdagsmenning* sem kennt er í fjarnámi við Háskóla Íslands og Háskólann í Barselóna (sp. Universidad de Barcelona). Þátttakendur við Háskóla Íslands eru spænskunemar en nemarnir í Barselóna eru í spænskukennararanámi. Gerð er grein fyrir hönnun æfinga og námsmati en fjarnámsverkefnið byggist á mismunandi samskiptaæfingum sem unnar eru með fjarfundabúnaði, Whatsapp og Flipgrid. Einnig er fjallað um áhrif þessara aðferða á tungumálahæfni íslensku nemanna sem og viðbrögð þeirra og viðhorf til verkefnisins.

Grein Gregorys Alans Phipps, „Gilded Creatures Straining and Dying: Performances of Blondness and Feminine Ethereality in Emily Dickinson’s Poetry“ (Gylltar verur þjást og deyja: Ljóst hár og yfirjarðneskir eiginleikar kvenna í ljóðum Emily Dickinson) er helguð þeim mótsögnum og tvíhyggju sem fólust í almennum hugmyndum um ljóst hár á níttjándu öld. Ljóst hár var lengi tengt hugmyndum um kvenlegt sakleysi, fullkomnun og yfirjarðneska eiginleika en um miðja níttjándu öld öðlaðist þessi háralitur nýjar og mótsagnakenndar merkingar í bandarískri dægurmenningu. Í greininni er fjallað um þessar breytingar út frá tveimur af ljóðum bandarísku skáldkonunnar Emily Dickinson, „The Moon was but a Chin of Gold“ og „You’ve seen Balloons set – Hav’nt You?“.

Bókmenntir Rómafólks eru viðfangsefni Ásdísar R. Magnúsdóttur í greininni „Sjálfsmynd, framandleiki og tungumál í verkum Matéos Maximoff: rómíska í íslenskum þýðingum“. Rómíski rithöfundurinn og sagnamaðurinn Matéo Maximoff skrifaði flest sín verk á frönsku. Eins og margir rómískir rithöfundar á 20. öld vildi hann gera sögu og menningu Rómafólks góð skil í skáldverkum sínum. Það gerir hann með því að skjóta inn upplýsingum um siði og sögu Rómafólks en einnig notar hann bæði orð og setningar úr tungumáli þeirra og gefur það franska frumtextanum framandi yfirbragð. Hér er sagt frá

hugarheimi Matéos Maximoff og notkun rómískra orða í skáldverkum hans. Dæmi eru tekin úr íslenskri þýðingu á nokkrum sögum úr smásagnasafninu *La poupée de Mameliga. Le livre de la peur* (Brúða Mameligu. Bók óttans).

Þýðingar á bókmenntaverkum geta skipt sköpum um viðtökur þeirra og á það ekki síst við um leikhúspýðingar. Í grein sinni „Að þýða bundið mál Shakespeares fyrir leiksvið“ segir Kristján Þórður Hrafnsson frá þeim áskorunum sem hann stóð frammi fyrir þegar honum var falið að þýða *Ríkharð III* fyrir Borgarleikhúsið. Ólíkt öðrum leikritapýðingum Kristjáns er *Ríkharður III* í bundnu máli og í greininni fjallar hann um þau atriði sem hann hafði að leiðarljósi við þýðingu sína yfir á bundið mál á íslensku.

Í þessu hefti *Milli mála* er nú að finna verk fimm þýðenda. Þórhildur Oddsdóttir þýðir smásöguna „Heimsóknin“ eftir Caju Rude og segir frá höfundinum. Þórir Jónsson Hraundal segir frá arabíska sagnaritaranum og ferðalanginum Ibn Fadlan og þýðir þekkt brot úr ferðasögu hans þar sem fjallað er sérstaklega um víkinga. Smásagan „Móna Lísá“ eftir skáldkonuna Alejandrinu Gutiérrez frá Níkaragva birtist hér í þýðingu Hólmfríðar Garðarsdóttur sem einnig kynnir höfundinn stuttlega. Erla Erlendsdóttir þýðir fjórar stuttar sögur úr smásagnasafninu *Lugares* (Staðir) eftir spænska rithöfundinn Carmen Quintana Cocolina. Að lokum birtum við smásöguna „Brúða Mameligu“ eftir rómíska rit höfundinn Matéo Maximoff í þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur.

Ritstjórar þakka höfundum, þýðendum, ritrýnum, prófarkalesurum og umbrotsmanni fyrir ánægjulegt samstarf og minna á skilafrest greina og þýðinga í næsta hefti. Nýir ritstjórar taka nú við tímaritinu, þau Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, og Geir Þ. Þórarinsson, aðjunkt í grísku og latínu. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu tímaritsins: millimala.hi.is.

Ásdís R. Magnúsdóttir
Rebekka Þráinsdóttir